



## Fundargerð

**424. fundur** í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjklaustri kl. 13:00 fimmtudaginn 30. ágúst 2018. Þetta er 9. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 7 blaðsíður  
Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna. Heiða Guðný Ásgeirs dóttir Z-lista boðar forföll, í hennar stað er mætt Jóna Björk Jónsdóttir 1. varamaður Z-lista. Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá, að við málefnnaskrá bætist;

### I. Fundargerðir til samþykktar

Í stað 159. Fundargerðar fræðslunefndar kemur

1. Fundargerð 28. Fundar umhverfis- og náttúruverndarnefndar, dags. 28.08.2018

Fundargerð fræðslunefndar færist í staðinn undir III. fundargerðir til kynningar

### II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

19. Vegna afleiðinga skýstróks í Norðurhjáleigu í Álfaveri

20. Breytingar á tilnefningu 2. varamanns D-lista í fræðslunefnd

### III. Fundargerðir til kynningar

7. 1807011 Fundargerð 159. Fundar fræðslunefndar. dags. 29.08.2018

### IV. Annað kynningarefn

5. Afrit af bréfi félags Hópferðaleyfishafa til ráðherra samgöngumála, dags. 23.08.2018

*Dagskrárbreyting samþykkt.*

### Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

*Dattaca Labs var með vinnufund með sveitarstjóra og skólastjóra vegna innleiðingar persónuverndarlöggjafarinnar um miðjan ágúst. Innleiðingen er komin vel á veg og mun persónuverndarfulltrúi sveitarfélagsins vera með fræðslu fyrir starfsmenn á haustdögum. Sveitarstjóri fór á kynningarfundar um þjóðgarð á miðhálendinu á Hvolsvelli. Framkvæmdir vegna stækkunar leikskólans eru í fullum gangi og stefnt að því að þeim verði lokið fyrir 1. október nk. Stjórnarfundur var haldinn hjá Bergrisanum bs. á Selfossi. Þann 23. ágúst sl. áttu sveitarstjóri og hjúkrunarforsijóri Klausturhóla fund með velferðarráðherra þar sem fylgt var eftir erindi frá i vor varðandi beiðni um fjölgun hjúkrunarrýma. Sveitarstjóri og varaoddviti áttu stöðufund með fulltrúum Rarik og Orkufjarskipta vegna ljósleiðaralagninarinnar á Austur-Síðu og í Fljótshverfi. Sveitarstjóri sat aðalfund Vottunarstofunnar Túns. Fulltrúar frá íbúðaláanasjóði komu og kynntu fyrir sveitarstjórnarmönnum gerð húsnaðisáætlana. Sveitarstjóri ásamt formönnum tveggja fjallskilanefnda mættu á kynningarfund í Vik um málefni þjóðlendna. Sveitarstjóri hefur fundað með flestum fastanefndum frá í sumar. Framundan er fundur með stjórn Rarik og fyrsti fundur rekstrarnefndar Klausturhóla.*

### Dagskrá

### I. Fundargerðir til samþykktar

1. Fundargerð 28. Fundar umhverfis- og náttúruverndarnefndar, dags. 28.08.2018
5. Umhverfis og náttúruverndarnefnd bendir á að æskilegt er að bera spæni á Ástarbrautina utan þess svæðis sem Skógræktin hefur umsjón með.



# Skaftárhreppur

*Sveitarstjórn þakkar ábendinguna og felur umhverfis- og náttúruverndarnefnd að koma með tillögu að lausn málsins.*

6. Umhverfis og náttúruverndarnefnd hvetur til þess að gámar undir járn og timbur verði sett niður í gömlu hreppunum í haust eins og fyrri sumur. Jafnframt bendir nefndin á nauðsyn þess að standa betur að merkingu gámasvæðis við þjóðveg 1.

*Gert var ráð fyrir hreinsunarátakinu ásamt merkingum í fjárhagsáethun ársins. Sveitarstjóra falið að ljúka málín.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.*

2. 1801006 Fundargerð 139. Fundar skipulagsnefndar, dags. 28.08.2018

*Eva Björk Harðardóttir lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næsta liðar og varaoddviti tekur við stjórn hans. Jón Hrafn Karlsson 1. varamaður D-lista kemur inná fundinn í stað oddvita.*

**1. 1805002 Breyting á aðalskipulagi í landi Efri-Víkur og Hrífunes – tillaga**

Lögð fram tillaga að breytingu á skipulagsupprætti og greinargerð í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða breytingu þar sem gert er ráð fyrir nýju verslunar- og þjónustusvæði í landi Efri-Víkur og stækkun verslunar- og þjónustusvæðis (V2) við Hrífunes.

*Skipulagsnefnd samþykkir að skipulagsfulltrúi kynni tillöguna.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

**2. 1712009 Breyting á deiliskipulag í Hólaskjóli**

Gerð er óveruleg breyting á deiliskipulagi í Lambaskarðshólum. Breytingin felst í minnkun deiliskipulagssvæðisins.

*Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að kynna tillöguna skv. 2. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

**3. 1712009 Breyting á stærð lóðar í Hólaskjóli**

Gerð er breyting á afmörkun lóðar Hólaskjóls landr. 221633. Lóðin er minnkuð úr 13,5 ha í 4,4 ha. Innan lóðarinnar eru 5 byggingar sem eru leitarmannahús og gistihaus með fastanr. 219-0810. Lóðin er innan friðlýsts svæðins, 706 Eldgjá, og innan þjóðlendu.

*Samþykkt i skipulagsnefnd. Byggingarfulltrúi falið að ljúka málín.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

**4. 1703008 Breyting á deiliskipulagi í Efri-Vík**

Gerð er tillaga að breytingu á deiliskipulagi Efri-Víkur. Sauðagata 12 og Selhólavegi 9 er breytt úr frístundabyggð í verslun og þjónustu. Bætt er við greinargerð deiliskipulagsins kafla 7.3 Verslun og þjónusta. Inni á hvorri lóð er ein bygging og ekki er gerð breyting á hámarksstærð bygginga innan lóðar.

*Skipulagsnefnd samþykkir að skipulagsfulltrúi kynni tillöguna samhliða aðalskipulagsbreytingunni.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*



## 5. 1707010 Embætti skipulags- og byggingarfulltrúa

Ólafur Elvar Júliusson verkfræðingur sótti um auglýst starf skipulags- og byggingarfulltrúa þann 18. júní sl.

*Skipulagsnefnd ráðleggur sveitarstjórn að ganga til samninga við Ólaf Elvar Júliusson um starf skipulags- og byggingarfulltrúa til eins árs í ljósi viðræðna við nágrannasveitarfélög um samstarf í skipulags- og byggingarmálum.*

***Sveitarstjórn þakkar skipulagsnefnd fyrir sína aðkomu og felur sveitarstjóra að ganga til samninga við Ólaf Elvar Júliusson um starf skipulags- og byggingarfulltrúa samkvæmt ráðleggingum skipulagsnefndar.***

## 6. 1808002 Umsókn um byggingarlóðir – Hörður Davíðsson

Hörður Davíðsson sækir um byggingarlóðir á Kirkjubæjarklaustri eða nágrenni fyrir tvö 10 ibúða fjölbýlishús á tveimur hæðum.

*Skipulagsnefnd hefur móttekið erindið. Í deiliskipulagi fyrir Skaftárvelli er að hámarki gert ráð fyrir 8 ibúða fjölbýlishúsi. Þar sem landaskiptum á jörðinni Kirkjubæjarklaustur er ólokið er ekki hægt að úthluta lóðum samkvæmt deiliskipulagi á Skaftárvöllum að svo stöddu.*

***Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.***

## 8. 1807004 Breyting á deiluskipulagi í Hrifunesi

Gerð er tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Hrifunesi í Skaftártungu landnr. 163371. Breytingin felur í sér að stækka skipulagsreit V2 fyrir verslun og þjónustu þannig að göturnar Stóratorfa og Mástorfa falli inní reitinn.

*Skipulagsnefnd samþykkir að skipulagsfulltrúi kynni tillöguna samhliða aðalskipulagsbreytingunni.*

***Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.***

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.*

*Jón Hrafn Karlsson víkur af fundi. Eva Björk Harðardóttir oddviti kemur aðstur til fundarins og tekur við stjórn hans.*

## II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

### 1. 1808003 Íbúðabyggð sunnan Skaftár

*Mikil ásókn er eftir byggingarlóðum á Kirkjubæjarklaustri. Í ljósi þess að ekki liggur fyrir hvenær landaskiptum Klausturjarðarinnar verður lokið telur sveitarstjórn mikilvægt að leitað verði leiða til verða við eftirspurn eftir íbúðalóðum. Sveitarstjórn felur skipulagsnefnd að koma með tillögur að ákjósanlegum staðsetningum íbúðabyggðar sunnan Skaftár í samráði við landeiganda. Sveitarstjórn harmar þá stöðu sem upp er komin að það þurfi að huga að uppbryggingu þéttibýlisins sunnar árinnar en telur að ekki sé unnt að tefja málid frekar.*

### 2. 1806011 Tilnefningar í stjórn Velunnarsjóðs Klausturhóla og Ungmennaráðs Suðurlands

*Tilnefningu í stjórn velunnarsjóðs Klausturhóla frestað. Sveitarstjórn tilnefnir Mariönnu Katrínú Bjarkadóttur aðalmann i Ungmennaráð Suðurlands og Heiðrúnu Hrund Sigurðardóttur til vara.*

ASÍ  
JÓH



### 3. 1808004 Skaftárhlaup 2018 – mat skemmda og ástand vega

*Skaftárhlaupið í byrjun ágúst sl. var það stærsta frá upphafi mælinga. Einungis þrjú ár eru frá síðasta stóra hlaupi úr eystri katlinum og því ljóst að búast má við að þessir atburðir með tilheyrandí skemmdum séu komnir til að vera. Þess vegna telur sveitarstjórn nauðsynlegt að komið verði upp ákveðnu verklagi varðandi mat á tjóni og úrvinnslu upplýsinga sem fari fram í kjölfar Skaftárhlaupa. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að leita eftir úttektaraðila til að meta skemmdir á svæðinu ásamt því að gera greiningu á hvaða sjóðir eru tiltækir varðandi tjónabætur.*

*Vegna lokunar á þjóðvegi 1 í Eldhrauni þurfti að beina umferð um Meðallandssveg nr. 204. Sveitarstjórn ásamt íbúum í Meðallandi hafa ítrekað bent á að viðhaldi vegarins er verulega ábótavant líkt og annarra vega i sveitarféluginu. Óviðunandi ástand vegarins kom berlega í ljós í byrjun ágúst og fer sveitarstjórn fram á að þegar verði sett fjármagn í lagfæringu vegarins þar sem hann þarf að geta þjónað því hlutverki að vera hjáleið fyrir þjóðveg 1 þegar til lokunar kemur hvort sem er vegna náttúruhamfara eða slysa. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að óska eftir fundi með Vegamálastjóra vegna málsins.*

### 4. 1808005 Íbúðir Klausturvegi 4

*Sveitarstjórn samþykkir að fresta áætluðum framkvæmdum vegna flutnings skrifstofu að Klausturvegi 4 að sinni vegna viðvarandi húsnæðisskorts á Kirkjubæjarklaustri og að íbúðirnar fari í útleigu til eins árs. Sveitarstjóra falið að útfæra breytingu á fjárfestingaráætlun 2018 í viðauka.*

### 5. 1611012 Brunavarnaráætlun

*Fyrir fundinum liggur tilboð að upphæð 1.240.000 kr. frá Inspectionem ehf. í gerð endurskoðunar á brunavarnaráætlun Skaftárhrepps ásamt verkáætlun. Áætlun gerir ráð fyrir að verkinu verði lokið í byrjun janúar 2019. Sveitarstjórn samþykkir að taka tilboðinu og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn og útbúa viðauka vegna málsins.*

### 6. 1710010 7 mánaða staða

*Reksturinn er á áætlun.*

### 7. 1710010 Viðauki 2 við fjárhagsáætlun 2018

*Sveitarstjóri gerir eftirfarandi tillögu að viðauka 2 við fjárhagsáætlun 2018;*

**Laun og launatengd gjöld vegna Félagsmiðstöðvar 0631-laun til áramóta 400 þús.kr. – 300 þús.kr. færast á milli liða frá 0605-laun. Aukning 100 þús.**

***Skýring:*** Íþrótt- og tómstundafulltrúi hefur óskað eftir að láta af sitorfum frá 1. september nk. Sólveig Ólafsdóttir og Unnur Blandon mun sjá um félagsmiðstöðina í veturn og fá þá greitt samkvæmt tímavinnu sem þær skila inn mánaðarlega. Katarzyna Korolczuk mun áfram sjá um íþróttatíma fyrir leikskólabörn og vikulega hreyfingu eldri borgara ásamt því að bjóða uppá skipulagða hreyfingu fyrir 60+. Vinna hennar verður einnig greidd samkvæmt tímajaldi.

**Olía til hitunar íþróttahús vegna bilunar í varmadælubúnaði 3 millj. færist á lið 0651-2531.**

***Skýring:*** Bilun hefur verið í varmadælubúnaðinum sem veldur því að einnig þarf að nota olíu til kyndingar. Ekki sér fyrir endann á viðgerð búnaðarins en Bjarki Guðnason hefur unnið að því í samvinnu við umboðsaðila.

**Aðkeypt bjónusta vegna vinnu við Brunavarnaráætlun 1.240.000 færist á lið 0721-4390:**

***Skýring:*** Sjá mál nr. 1611012 í fundargerð 424.

**Málningarvinna íbúðir Klausturvegi 4, 1 millj. færist á lið 5517-4990.**

***Skýring:*** lagfæringar og málningarvinna íbúða.



## **Fjárfestingaráætlun – Framkvæmdir vegna skrifstofu færast yfir á 2020 að upphæð 8,4 millj.**

**Skýring:** Ljóst er að framkvæmdir við flutning skrifstofu sveitarfélagsins freastast amk. um 1 ár verði ákveðið að setja íbúðirnar í heimavistarálmanni aftur í útleigu.

### **Áhrif viðauka 2 á fjárhagsáætlun 2018**

Rekstrarútgjöld A-hluta aukast um 4.340 þús.kr.

Rekstrarútgjöld B-hluta aukast um 1.000 þús.kr.

Fjárfesting lækkar um 8,4 millj.

Hækkun á handbæru fé 3.060 þús.kr.

Sveitarstjórn samþykkir viðaukann.

### **8. 1805008 Persónuverndarstefna Skaftárhrepps**

Sveitarstjórn samþykkir bæði innri persónuverndarstefnu sveitarfélagsins og persónuverndarstefnu Skaftárhrepps og felur sveitarstjóra í samstarfi við forstöðumenn stofnanna að koma þeim í framkvæmd og kynna þær.

### **9. 1606015 Verkefnisstjórnun ljósleiðaraverkefna, Ingólfur Bruun, dags. 23.08.2018**

Sveitarstjórn þakkar erindið og felur sveitarstjóra að leita til bréfritara varðandi verkefnisstjórnun í ljósleiðaraverkefnum sveitarfélagsins

### **10. 1808006 Beiðni um þátttöku í kostnaði vegna nemenda í tónlistarskóla utan lögheimilissveitarfélags. Fanney Ólöf Lárusdóttir, dags. 22.08.2018**

Sveitarstjórn samþykkir beiðnina og felur sveitarstjóra að ljúka málinu.

Eva Björk Harðardóttir oddviti lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næsta liðar og vikur af fundi og felur Bjarka Guðnasyni varaoddvita stjórn hans. Jón Hrafni Karlsson I. varamaður D-lista kemur í hennar stað.

### **11. 1801003 Leikskóli verðkönnun**

Verðkönnun i millibyggingu við Leikskólann Kærabæ Kirkjubæjarklaustri var opnuð fimmtudaginn 26.7.2018 kl. 14:00 á skrifstofu Skaftárhrepps. Eitt tilboð barst i verkið, frá Digrakletti ehf, að upphæð kr. 10.342.000,-. Tilboðið var talsvert hærra en kostnaðaráætlun hönnuðar gerði ráð fyrir og hefur því verið ákveðið að hafna tilboðinu.

Jón Hrafni Karlsson víkur af fundi. Eva Björk Harðardóttir oddviti kemur aftur til fundarins og tekur við stjórn hans.

### **12. 1606015 Lagning ljósleiðara í Skaftártungu útboð**

Eitt tilboð barst í lagningu ljósleiðarkerfis í Skaftártungu – jarðvinnu, blástur og tengingar frá SH leiðaramum að upphæð 51.818.236,-. Tilboðið er um 25% yfir kostnaðaráætlun verkfræðistofunnar Eflu. Sveitarstjórn samþykkir að hafna tilboðinu og felur sveitarstjóra að ganga til samminga við Hrafshól ehf. um lagningu stofnlagnar ljósleiðara og heimtauga frá Tungusfljóti að Hrifunesi.

### **13. 1808007 Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki IV frá ferðaþjónusta og sumarhús ehf. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 12. júlí 2018.**

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.



# Skaftárhreppur

14. 1808008 Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki II frá Eldhrauni ehf. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 13. júlí 2018  
*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.*
15. 1808009 Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki II frá Gísla Halldóri Magnússyni. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 17. júlí 2018  
*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila. Bjarki Guðnason situr hjá við afgreiðslu þessa liðar vegna aðkomu sinnar á síðari stigum.*
16. 1707002 Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki II frá Byggðaból ehf. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 27. júlí 2018  
*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila. Bjarki Guðnason situr hjá við afgreiðslu þessa liðar vegna aðkomu sinnar á síðari stigum.*
17. 1808010 Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki II vegna fnr. 218-9223 og 227-1930 frá Nónfjall ehf. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 30. júlí 2018  
*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.*
18. 1808011 Ferðir að Skaftárósi. G. Ómar Friðþjófsson, dags. 20. ágúst 2018  
*Sveitarstjórn þakkar erindið og óskar bréfritara velfarnaðar með verkefnið. Sveitarstjórn vill benda bréfritara á að leyfisveitingar vegna atvinnustarfsemi er ekki á höndum sveitarstjórnar.*
19. Vegna afleiðinga skystróks í Norðurhjáleigu í Álfaveri  
Sveitarstjórn fer fram á að almannatryggingakerfið taki til endurskoðunar skilgreiningu á því hvað telst til náttúruhamfara í ljósi nýliðinna atburða vegna tjóns af völdum skystróks í Norðurhjáleigu. Skystrókar af þeiri stærðargráðu sem gengu yfir Norðurhjáleigu eru fyrirbrigði sem ekki er þekkt á Íslandi í sögulegu samhengi. Það er alveg ljóst að atburður af þessu tagi getur gerst aftur hvar sem er á landimú og engin leið að spá fyrir um slikt líkt og önnur veðurfyrirbrigði. Skystrókar eru ófyrirsjáanlegir með öllu og hefur Veðurstofa Íslands enga möguleika á að gefa út viðvaranir vegna þeirra. Sveitarstjórn fer fram á að viðeigandi stofnanir í samvinnu við ríkið bæti það tjón sem ábúendur í Norðurhjáleigu urðu fyrir þann 24. ágúst sl.
20. Breytingar á tilnefningu 2. varamanns D-lista í fræðslunefnd  
*D-listi tilefnir Önnu Magdalenu Buda 2. varamann D-lista í fræðslunefnd i stað Unnar Einarsdóttur Blandon.*

## III. Fundargerðir til kynningar

1. Fundargerð 33. fundar Félags- og skólapjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafelssýslu, dags. 17.07.2018. *Fundargerð kynnt.*
2. Fundargerð 189. Fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, dags. 23.08.2018. *Fundargerð kynnt.*
3. Fjallskilaseðlar Skaftártungu-, Austur-Síðu- og Landbrots- og Miðafréttar. *Fundargerð kynnt.*



4. Fundargerðir fjallskilanefndar Álftaversafréttar, dags. 21.06.2018 og 20.08.2018. *Fundargerð kynnt.*
5. Fundargerð 58. Fundar félagsmálanefndar, dags. 15.08.2018. *Fundargerð kynnt.*
6. Fundargerð Aðalfundar Vottunarstofunnar Túns, dags. 22.08.2018. *Fundargerð kynnt.*
7. 1807011 Fundargerð 159. Fundar fræðslunefndar. dags. 29.08.2018. *Fundargerð kynnt.*

#### IV. Annað kynningarefni

1. Innleiðing leikskóla vegna nýrra persónuverndarlaga nr. 90/2018. Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 24.08.2018. *Kynnt.*
2. 1808012 Malbikun bílastæða við fasteignirnar að Klausturvegi, og Klausturvegi 3-5, Skaftárhreppi. Lögvörn, *Kynnt.*
3. Fræðslu- og umræðufundir um menntun fyrir alla og menntastefnu 2030. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, dags. 05.06.2018. *Kynnt.*
4. Átak í friðlysingum, svæði í verndarflokki rammaáætlunar. Umhverfisstofnun, dags. 27.07.2018. *Kynnt.*
5. Afrit af bréfi félags Hópferðaleyfishafa til ráðherra samgöngumála, dags. 23.08.2018. *Kynnt.*

Fundargerð lesin upp og samþykkt

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður miðvikudaginn 17. október.

Fundi slitið kl. 15:30

Eva Björk Harðardóttir

Katrín Gunnarsdóttir

Jóna Björk Jónsdóttir

Bjarki Guðnason

Arndís Harðardóttir

Jón Hrafn Karlsson